

## **Drög að þingsályktunartillögu iðnaðarráðuneytisins um vernd og nýtingu orkuauðlinda.**

### **Athugasemd frá Friðriki Degi Arnarsyni og Björgu Evu Erlendsdóttur, fulltrúum í verkefnisstjórn um Rammaáætlun.**

Frá upphafi starfs rammaáætlunar var gengið út frá því að meirihluti virkjanahugmynda færi í biðflokk vegna skorts á upplýsingum, rannsóknum og stefnumótun á mörgum sviðum. Má þar nefna samfélagsáhrif, áhrif á ferðaþjónustu, útivist, landslag og upplifun. Umræðan tók allan tímann mið af þessari hugsun sem nú hefur verið varpað fyrir róða. Þetta gagnrýnum við harðlega.

Biðflokkurinn er ekki nýttur eins og áætlað var og því lenda nú virkjanahugmyndir í nýtingarflokk, þótt vitað sé og viðurkennt í jafnvel í sjálfri lokaskýrslu verkefnisstjórnar að rannsóknir skortir. Í biðflokki lenda hinsvegar Jökulsárnar í Skagafirði, en samþykktir um verndun þeirra ættu að gefa tilefni til að þær færu í verndarflokk.

Við gerum alvarlegar athugasemdir við að þá þröngu nálgun sem nýtt er í flokkunarhópi iðnaðarráðuneytisins til að túlka löggin um hvaða virkjanahugmyndir eigi að fara í bið. Þar segir að í biðflokk falla virkjunarkostir sem talið er að afla þurfi frekari upplýsinga um. Við þetta mat skuli ráðherra og Alþingi einnig líta til almannahagsmuna, þyki rétt að virkjunarsvæði bíði um sinn frekari ákvörðunar. Í flokkunarhópnum var greinilega ákveðið hvaða upplýsingar þurfti og hverjar mátti skorta og flokkun í bið eða verndun/nýtingu miðuð við það.

Þrjár Þjórsárvirkjanir í byggð eru grafalvarlegt dæmi um þetta. Óumdeilt er að þarna vantar í stórum dráttum allar rannsóknir á samfélagsáhrifum, áhrif virkjana á laxastofninn og áhrif á lífríki sjávar. Meðan þessar upplýsingar liggja ekki fyrir er ekki hægt að byggja ákvörðun um nýtingu á því heildstæða og faglega mati sem löggin gera kröfu um. Því ber að setja viðkomandi svæði í biðflokk.

Því hefur verið haldið fram að ekki skorti upplýsingar um svæði sem hefur farið í gegnum umhverfismat eins og er við Þjórsárvirkjanirnar. Það að umhverfismat liggja fyrir getur þó ekki talist rök fyrir því að ekki skorti nauðsynlegar upplýsingar eins og sést á umræðu í verkefnisstjórn og í lokaskýrslu hennar, þar sem bent er á mikilvæga þætti sem umhverfismatið tekur ekki á. Einnig hefur það verið notað í þessu sambandi að aldrei sé hægt að afla endanlegrar þekkingar og því verði að draga línuna á ákveðnum tímapunkti og vinna út frá því sem þá er komið. Um leið og við tökum undir að aldrei verður hægt að afla endanlegra upplýsinga er nauðsynlegt að viðurkenna að þegar heilir málaflokkar hafa lítið komið til skoðunar, eins og hér er nefnt að framan, þá er tímapunkturinn ekki kominn og enga línu hægt að draga þannig að fagleg ákvörðun náist.

Yfirlýst markmið með vinnu rammaáætlunar var að skapa sátt, eins og segir í erindisbréfi verkefnisstjórnarinnar. Hver var hvatinn að því að skapa þurfti sátt? Jú, væntanlega sá að samfélagið leið fyrir illdeilur, reiði og vanlíðan vegna valds og yfirgangs orkugeirans. Sú vinna

sem snýr að því að setja niður slíkar illdeilur er því miður skammt á veg komin eftir öll þessi ár. Viðurkennt er að samfélagsþáttinn vantar að verulegu leyti. Það stríðir gegn Árósasáttmálanum og er ekki í anda sjálfbærrar þróunar.

Það er lágmarkskrafa að vinna sem unnin er inni á 21. öldinni uppfylli skilyrði sjálfbærrar þróunar. Ítrekað hefur verið bent á að vinna við Rammaáætlun gerir það illa þar sem eins þriggja stöða sjálfbærrar þróunar, samfélagsstoðin, hefur ekki verið skoðuð sem skyldi. Faghópur 3 tókst ekki að nálgast samfélagsáhrif virkjana nema á afar þröngu sviði. Annað vantar að mestu leyti.

Miklu skiptir að samfélagsþátturinn móti niðurstöður rammaáætlunar um vernd og nýtingu náttúruauðlinda í framtíðinni. Við undirstrikum því fyrri kröfur um að virkjanahugmyndir sem hafa mikil áhrif á samfélag, byggð og menningarlandslag fari í bið til frekari rannsókna, en verði ekki flokkaðar í nýtingu að illa rannsökuðu máli.

„Skoðanakönnun“ meðal stjórnarmanna í verkefnisstjórn er meðal fylgigagna flokkunarvinnu hópsins í iðnaðarráðuneytinu. Rétt er að árétta að þegar fulltrúar stjórnar skiluðu þessu séráliti sínu lá hin þrönga túlkun sem flokkunarhópurinn gekk út frá varðandi biðflokkinn ekki fyrir. Það er því ljóst að skoðanakönnunin er unnin á öðrum forsendum en þingsályktunartillagan. Spyrja má um tilganginn með því að gera slíka könnun á allt öðrum forsendum en unnið er eftir í lokin og hversu mikið mið er eðlilegt að taka af könnuninni.